



MENNTAVÍSINDASVIÐ

**Samstarfssamningur RannUng
við Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes
um rannsóknarverkefni í leikskólum**

Menntanefndir og skólaskrifstofur Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, gera með sér svofelldan samning um rannsóknir í leikskólum í sveitarfélögunum.

1. gr.

Markmið samstarfsins er að auka þekkingu á leikskólastarfi í sveitarfélögunum og stuðla að auknum gæðum í leikskólastarfi.

2. gr.

Unnið verður að rannsókn á árunum 2015-2018 í samstarfi við ofangreind sveitarfélög. Um er að ræða rannsókn á innleiðingu námsmats í anda leiðbeininga frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í fimm leikskólum, einum í hverju sveitarfélagi. Námsögum og uppeldisfræðilegum skráningum, ásamt verkum barna verður safnað í ferilmöppu fyrir hvert barn. Námskeið verða haldin fyrir kennara og annað starfsfólk þátttökuleikskólanna og innihald ferilmöppu þróað. Verkefnið ber heitið *Mat á námi og vellíðan leikskólabarna*.

3. gr.

Sveitarfélögin munu velja leikskóla til þátttöku í rannsókninni í samráði við fulltrúa RannUng. Stýrihópur skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og tveimur fulltrúum frá RannUng heldur utan um verkefnið og fylgist með framvindu þess.

4. gr.

Helstu vörður verkefnisins:

- Verkefnið undirbúið, m.a. áætlanagerð og kennsluefni
- Fræðsla fyrir starfsfólk í þátttökuskólunum
- Verkefnið unnið og þróað í þátttökuskólunum
- Gagnaöflun
 - Dagbækur ritaðar af starfsfólki
 - Vettvangsathuganir. Starfsfólk fylgist með starfi hvers annars, utanaðkomandi aðilar fylgjast með þróun verkefnisins
 - Viðtöl í upphafi og lok verkefnis
- Ígrundun

G. Björnsdóttir
Ami
Jón
MB
AS

- Fundir með starfsfólki
- Greining gagna
- Kynningar og skrif

5. gr.

Hlutverk RannUng verður að sjá um eftirfarandi þætti:

1. Undirbúa verkefnið í samráði við fulltrúa sveitarfélaga og þátttökuleikskóla
2. Skipuleggja og halda utan um fræðslu og fundi fyrir þá sem taka þátt í verkefninu
3. Sjá um rannsóknar- og matsþátt verkefnisins
4. Taka viðtöl
5. Skrifa skýrslur
6. Sjá um fjárhagslegt utenumhald í samstarfi við fjármálastjóra sviðsins og Menntavísindastofnun

5. gr.

Unnið verður að verkefninu árin 2015 til 2018. Haustmisseri 2015 verður nýtt til undirbúnings rannsóknarinnar. Verkefnið mun hefjast í janúar 2016 með kynningum á verkefninu, fræðslu og fundum með starfsfólki. Matsaðferðirnar verða síðan innleiddar í leikskólana eigi síðar en haustið 2016 og allt árið 2017. Jafnframt verður gögnum safnað um framvindu og árangur og verkefnið metið. Á vormisseri 2018 verður unnið að skýrsluskrifum og kynningum á verkefninu. Verkefnið verður einnig kynnt í ferlinu þegar ástæða þykir til.

6. gr.

Um er að ræða þriggja ára verkefni og er árlegur kostnaður kr. 1.750.000 sem skiptist þannig milli sveitarfélaga:

ÁR	2016	2017	2018
Garðabær	350	350	350
Hafnarfjörður	350	350	350
Kópavogur	350	350	350
Mosfellsbær	350	350	350
Seltjarnarnes	350	350	350
Alls	1750	1750	1750

Styrkurinn greiðist inn á reikning Háskóla Íslands samkvæmt reikningum, 0137-26-476, kt: 600169-

2039. Númer og heiti viðfangsefnis þarf að koma fram á reikningi; **Rannsóknarstofa í**

menntunarfræðum ungra barna (RannUng) Menntavísindasviði, viðfangsnúmer 1470-1473011.


Greiðslur verða inntar af hendi í febrúarmánuði 2016, 2017 og 2018.

8. gr.

Samningur þessi gildir í þrjú ár frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2018.

Reykjavík, 6. október 2015

Samningurinn er gerður í sex eintökum og halda eftirtaldir aðilar hver sínu eintaki: Menntavísindasvið - RannUng, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.




F.h. Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna




F.h. Garðabæjar




F.h. Hafnarfjarðar



F.h. Kópavogs



F.h. Mosfellsbæjar



F.h. Seltjarnarness